

Hestatrygging

Skilmáli nr. E-24

Almennt:

Þessi váttrygging er samansett af fjórum þáttum:

- Líf og heilsutrygging:** tekur til andláts hins váttryggða hests eða alvarlegs heilsutjóns hans.
- Sjúkrakostnaðartrygging:** tekur til kostnaðar vegna nauðsynlegrar þjónustu hjá dýralækni.
- Frjáls ábyrgðartrygging:** tekur til hugsanlegra skaðabótakrafna sem kunna að rísa vegna hins váttryggða hest. Váttryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar váttryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern váttryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli. Váttryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálans og váttryggingarskírteinisins. Ef misræmi eða villa kemur fram á þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.
- Almennir skilmálar:** fjalla um váttryggingarsamninginn sjálfan og eiga við um alla þætti þessarar váttryggingar.

Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

Félagið: Merkir Vörður tryggingar hf.

Váttryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á váttryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern váttryggingarlið fyrir sig.

Slys: Með orðinu slys er átt við skyndilegan atburð, utanaðkomandi eða fyrir verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem stjórnar honum.

Sjúkdómur: Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn verði veikur af þekktum og skilgreindum hrossasjúkdómi sem ekki er sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.

Mikilvægt:

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef váttryggingartaki eða váttryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki er tiltekið bótaskyld í skilmálanum þá nær váttryggingin ekki yfir það.

1. kafli. Líf- og heilsutrygging

1. gr. Hið váttryggða - hver er váttryggður – landfræðilegt gildissvið

- 1.1 Hið váttryggða er sá hestur sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2 Hinn váttryggði er váttryggingartaki þessarar váttryggingar. Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa eða annarra sem njóta óbeinna eignarréttinda nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað sérstaklega á váttryggingarskírteini
- 1.3 Váttrygging þessi tekur aðeins til hests á Íslandi

2. gr. Bótasvið

- Váttryggingin greiðir váttryggingarfjárhæðina:
- 2.1 ef hestur deyr af slysi eða sjúkdómum, eða nauðsynlegt reynist að aflífa hann samkvæmt ráðleggingum dýralæknis eða samkvæmt ákvæðum laga um dýravernd;
 - 2.2 ef hesti er stolið eða hann tapast og finnst ekki innan 120 daga frá því tilkynning um hvarf hans barst félaginu enda hafi váttryggður haldið uppi eðlilegri eftirgrennslan með leitaraðgerðum og opinberum auglýsingum. Félaginu er heimilt að kosta leitaraðgerðir og/ eða auglýsingar en kostnaður félagsins vegna þess, dragast frá bótum, komi til uppgjörs þeirra. Hámarksbætur samkvæmt þessum lið er 75% af váttryggingarfjárhæð;
 - 2.3 ef hesturinn missir algerlega heilsu sína varanlega en lifir eða tjónsatburðurinn rýrir hestinn alveg því notagildi sem tilgreint er í beiðni og fram kemur í váttryggingaskírteini, eru bætur greiddar að frádregnu matsverði hans eftir tjónsatburð. Hámarksbætur samkvæmt þessum lið er 80% af mismun váttryggingarfjárhæðar og matsverðs eftir tjónsatburðinn.

3. gr. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Váttryggingarfjárhæðin kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Váttryggingarfjárhæð skal ekki vera hærrí en sem nemur markaðsvirði hestsins á Íslandi með viðurkenndum eiginleikum hans. Aldrei bætist hærrí fjárhæð en nemur þessu markaðsverði þrátt fyrir að váttryggingarfjárhæð sé hærrí. Mismunur á váttryggingarfjárhæð og markaðsvirði myndar ekki rétt váttryggingartaka til endurgreiðslu iðgjalds.
- 3.3 Váttryggingarfjárhæð líf- og heilsutryggingar lækkar frá og með 12 vetra aldri um 20% á ári að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Váttryggingin endurnýjast í síðasta sinn það ár sem hesturinn verður 15 vetra og fellur úr gildi að því váttryggingartímabili loknu.
- 3.4 Verði tjón og félagið telur að váttryggingarfjárhæð sé of há er félaginu heimilt að láta dómkveðja matsmenn til að skera úr um markaðsvirði hestsins sbr. grein 3.2.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

- Ekki eru bætt tjón vegna:
- 4.1 geðslagsvandamála né arfgengra eða meðfæddra sjúkdóma eða kvilla;
 - 4.2 atvika sem hafa komið upp eða greind eru áður en váttrygging tók gildi svo og sjúkdóma sem upp koma innan 30 daga frá gildistöku váttryggingarinnar;
 - 4.3 tilskipana yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana;
 - 4.4 verðfalls hests, þótt um sé að ræða afleiðing af slysi eða sjúkdómum;
 - 4.5 ófrjósemi, nema þess sé getið á váttryggingarskírteini að kynbótahross til undaneldis sé váttryggt;

- 4.6 aldurstengdra sjúkdóma
- 4.7 spatts;
- 4.8 keppni, nema þess sé getið á váttryggingarskírteini að keppnishestur sé váttryggður.
- 5. gr. Varúðarreglur**
- 5.1 Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði dýraverndunarlaganna á hverjum tíma auk reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem við eiga.**
- 5.2 Hesturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja. Lyf skulu notuð reglulega til að eyða lús. Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eða oftar eftir ráðleggingum dýralækna.**
- 5.3 Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, tálgun og hreinsun hófa auk eðlilegra járninga reiðhesta.**
- 5.4 Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Kappkosta skal að halda hestinum innan fyrirhugaðra og löglegra svæða með reglulegu eftirliti og viðhaldi girðinga.**

2. kafli. Sjúkrakostnaðartrygging

1. gr. Bótasvið – váttryggingarfjárhæð – eigin áhætta

- 1.1 Váttryggingin bætir réttmætan, sanngjarnan og ófyrirséðan dýralækniskostnað sem er bein afleiðing af slysum eða sjúkdómum hins váttryggða hests.
- 2.1 Váttryggingarfjárhæð sem er hámarksbætur á hverju váttryggingatímabili, kemur fram í váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 2.2 Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram í váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

2. gr. Lækniskostnaður

Lækniskostnaður skv. gr. 1.1 telst vera:

- 2.1 greiðslur til dýralækna og dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar sökum sjúkdóms eða slyss;
- 2.2 lyf sem dýralæknir eða annar sérfræðingur afhendir og gefur hestinum við skoðun eða meðferð sökum sjúkdóms eða slyss;
- 2.3 tannviðgerð vegna slyss;
- 2.4 keisaraskurður;
- 2.5 nauðsynlegur flutningur á hesti til og frá dýralækni vegna sjúkdóms eða slyss.

3. gr. Undanskildar áhættur

Ekki er bættur kostnaður vegna:

- 3.1 atvika sem komið hafa upp áður en váttrygging þessi tók gildi né sjúkdóma sem koma í ljós innan 14 daga frá gildistöku váttryggingarinnar;
- 3.2 geðslagsvandamála eða arfgengra og/eða meðfæddra kvilla;
- 3.3 rannsókna eða meðferðar í forvarnarskyni, eða vegna afbrigðilegs vaxtar og afleiddra sjúkdóma;
- 3.4 geldinga, ófrjósemisaðgerða eða fæðingar afkvæma;
- 3.5 járningu og umhirðu hófa, tannhirðu eða ormahreinsunar;
- 3.6 fóðurs, fæðubótarefna eða hreinlætisvara;
- 3.7 hjálpartækja eða heilsuvara, jafnvel þótt dýralæknir ráðleggi eða fyrirskipti notkun;
- 3.8 vottorða og lyfseðla dýralækna eða dýraspítala nema að þeirra sé óskað af félaginu;
- 3.9 aukaálags á lækniskostnað vegna dýralæknisvitjunar utan venjulegs dagvinnutíma nema að brýna nauðsyn hafi borið til.

4. gr. Aðrir hlutar skilmálans

Um sjúkrakostnaðartryggingu gilda líka aðrir hlutar þessa skilmála eftir því sem við á, svo sem varúðarreglur.

3. kafli. Ábyrgðartrygging

1. gr. Bótasvið

Váttryggingin tekur til skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan sem eiganda hins váttryggða hests vegna líkamstjóns eða skemmda á munum, enda sé skaðabótaskyldan ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

2. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- 2.1 sem fjölskylda og skyldulið á heimili váttryggingartaka verður fyrir. Hið sama á við um fjölskyldu þess sem hefur hestinn í hvers kyns vörslum svo sem í gæslu, leigu, til afnota, í haga eða heimsókn hverju sinni;
- 2.2 á munum sem þeir aðilar, sem tilgreindir eru í 2.1 hafa að láni, til leigu, til geymslu eða eru í þeirra vörslu af öðrum ástæðum, þ.m.t. munum sem teknir hafa verið í heimildarleysi,
- 2.3 sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum um lausagöngu dýra, merkingar þeirra eða öðrum settum reglum.

3. gr. Váttryggingarfjárhæð – Eigin áhætta

- 3.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónstilviks takmarkast við váttryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í váttryggingarskírteini. Ábyrgð vegna allra tjónstilvika innan hvers váttryggingartímabils takmarkast einnig við sömu váttryggingarfjárhæð.
- 3.2 Eigin áhætta váttryggðs er 10% af hverju tjóni en þó með lágmarki eða hámarki sem tiltekið er á váttryggingarskírteini.

4. gr. **Kostnaður og vextir vegna skaðabótakröfu**

- 4.1 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 4.2 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.

5. gr. **Samningar við tjónþola.**

Váttryggður skal leita samráðs við félagið ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talin eiga sök á vegna váttryggðs hests. Félagið á allan rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur váttryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Félagið er heimilt að greiða bætur beint til tjónþola. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið.

4. kafli. **Almenn skilyrði**

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar váttryggingar eftir því sem við á.

1. gr. **Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur**

- 1.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldkögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.
- 1.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 1.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.
- 1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

2. gr. **Upplýsingaskylda váttryggingartaka**

- 2.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 2.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um áhættu félagsins eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. gr. **Varúðarreglur- Áhættuaukning**

- 3.1 **Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**
- 3.2 Sé tiltekin ákveðin notkun á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga

4. gr. **Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs**

- 4.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 4.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004. Þetta gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

5. gr. **Skyldur váttryggðs við tjónsatburð**

- 5.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst eða hættu er á því að það gerist ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætjanleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkan eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sama gildir ef váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin ná til verði gerð á hendur honum.
- 5.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 5.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi

upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

6. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- 6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 6.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingartímabilsins.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
 - 6.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
 - 6.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
 - 6.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
 - 6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

7. gr. Tvíttrygging - undirtrygging - tjón á váttryggingartímabilinu

- 7.1 Séu hagsmunir þeir sem váttryggðir eru í þessari váttryggingu jafnframt váttryggðir í annarri váttryggingu hjá félaginu ræður váttryggður hvaða váttrygging greiðir tjónið. Sé í gildi váttryggingarsamningur hjá öðru váttryggingarfélagi greiðir þessi váttrygging hlutfallslegar bætur eftir ábyrgð hvers félags um sig.
- 7.2 Hafi félagið greitt tjón úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

8. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

9. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum. Þá bætir váttryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

10. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

- 10.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 10.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingarátburð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

11. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

12. gr. Samsöðum

- 12.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að maki eða sambúðarmaki váttryggingartaka/váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 12.2 Sé váttrygging þessi notuð í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs.

13. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gilda um váttryggingarsamning þennan lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

14. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningu um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010